

AUGLÝSING

um deiliskipulag vegna frístundabyggðar í Biskupstungnahreppi.

Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps hefur samþykkt deiliskipulög fyrir frístundbyggðir: í landi Helludals, að Koðralæk Holtakotum, í landi Miðhúsa við Hrúta, í landi Neðra-Dals, í landi Kjarnholta II, í landi Kjarnholta III, í landi Drumboddsstaða og einnig tillögu að breytingu á skilmálum varðandi stærð húsa í frístundabyggð að Spóastöðum, allt í Biskupstungnahreppi.

Deiliskipulögin hafa fengið meðferð skv. ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulögin hafa verið yfirfarin af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Ofangreind deiliskipulög öðlast þegar gildi.

Biskupstungnahreppi, 14. maí 1999.

Ragnar Sær Ragnarsson sveitarstjóri.

Nr. 317

10. maí 1999

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag Eyrarinnar á Ísafirði í Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 18. mars 1999 breytt skipulag Eyrarinnar á Ísafirði dags. 16. október 1997. Breytingin nær til reits sem afmarkast af lóðinni nr. 34 við Sundstræti og felst breytingin í að reiturinn breytist í blandaðan reit fyrir íbúðir og þjónustu.

Greinargerð og upprátturinn hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir lóðina frá 16. október 1997.

Ísafjarðarbæ, 10. maí 1999.

Ármann Jóhannesson bæjarverkfræðingur.

Nr. 318

11. maí 1999

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á iðnaðar/þjónustu- og verslunarsvæði við Flatahraun.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 23. mars 1999 óverulega breytingu á deiliskipulagi á iðnaðar/þjónustu- og verslunarsvæði við Flatahraun dags. 17. mars 1998.

Breytingin felst í stækkun á byggingarreit og lóð nr. 1 við Helluhraun og nr. 7 og 8 við Gjótuhraun. Stækkun á lóð við nr. 7 við Flatahraun. Felld er niður lóð sem ætluð var undir mastur nr. 9 við Gjótuhraun og bílastæðum er fjölgað við lóðir nr. 7 og 8 við Gjótuhraun.

Tillagan var kynnt fyrir hagsmunaaðilum, samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 11. maí 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

7. maí 1999

Nr. 319

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 1. maí 1999.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 40. 7. janúar 1998 með áorðnum breytingum breytist þannig:

H.3/H.4 Hitaveita Siglufirði.

H.4 Hitun húsnæðis um rennsliðsmæli.

Vatnsgjald	75,40 kr./m ³
Fast gjald	13.200,00 kr./ári

Iðnaðarráðuneytinu, 7. maí 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

29. apríl 1999

Nr. 320

SAMÞYKKT

um þjónustu byggðasamlags um málefni fatlaðra í Norðurlandskjördæmi vestra við fatlaða í kjördæminu.

1. gr.

Í samræmi við samning byggðasamlags um málefni fatlaðra í Norðurlandskjördæmi vestra og félagsmálaráðuneytisins, dags. 23. mars 1999, fer stjórn byggðasamlagsins með stjórn og framkvæmd málefna fatlaðra í eftirtöldum sveitarfélögum: Húnaþingi vestra, Áshreppi, Sveinsstaðahreppi, Torfalækjarhreppi, Svínavatnshreppi, Bólstaðarhlíðahreppi, Engihlíðahreppi, Vindhælishreppi, Skagahreppi, Höfðahreppi, Blönduóssbæ, Sveitarfélaginu Skagafirði, Akrahreppi og Siglufjarðarkaupstað.

Stjórn byggðasamlagsins getur falið einstökum sveitarfélögum eða byggðasamlögum sveitarfélaga, að framkvæma einstaka þætti samningsins skv. samkomulagi við aðila og með samþykki félagsmálaráðuneytisins.

2. gr.

Stjórn byggðasamlagsins ber ábyrgð á að íbúum í Norðurlandskjördæmi vestra sé veitt sú þjónusta sem Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og reglugerðum sem settar hafa verið samkvæmt ákvæðum í þeim.